

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Hildi Sverrisdóttur um sjóði á vegum ráðuneytisins og stofnana þess.

1. *Hvaða sjóði starfrækja ráðuneytið og stofnanir þess?*

Utanríkisráðuneytið starfrækir tvo sjóði. Annars vegar Heimsmarkmiðasjóð atvinnulífs um þróunarsamvinnu, hins vegar sjóð fyrir styrkveitingar til félagasamtaka í þróunarsamvinnu.

2. *Hver fer með umsýslu hvers sjóðs?*

Þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins fer með umsýslu beggja sjóða.

3. *Hvaða lög og reglur gilda um útdeilingu fjármuna úr hverjum sjóði?*

Reglur um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020 gilda um styrkveitingar ráðuneytisins vegna verkefna á sviði þróunarsamvinnu til íslenskra félagasamtaka og íslenskra fyrirtækja. Styrkveitingar skulu samræmast áherslum stjórnvalda um framlög til alþjóðlegra þróunarsamvinnu, sbr. 6. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu nr. 121/2008, ákvæðum 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, reglugerð um styrkveitingar ráðherra nr. 642/2017 og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Unnið er eftir reglum 1035/2020 vegna beggja sjóðanna. Verklagsreglur Heimsmarkmiðasjóðs atvinnulífs er að finna á vefsíðu ráðuneytisins og eru þær uppfærðar reglulega, síðast í apríl 2022. Vegna sjóðs um styrkveitingar til félagasamtaka er unnið samkvæmt stefnumiðum í samstarfi við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð og verklagsreglum um samstarf við íslensk félagasamtök um þróunarsamvinnuverkefni. Stefnumiðin og verklagsreglurnar má finna á vefsíðu utanríkisráðuneytisins.

4. *Hvað kostaði að starfrækja hvern sjóð árið 2022?*

Samstarfssjóður um atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

- Þóknanir fyrir matsnefndir: 1.174.736 kr.
- Auglýsingakostnaður: 4.016.257 kr.
- Launakostnaður starfsmanna: 12.426.427 kr. (75% starfshlutfall)
- Samtals greiðslur: 17.617.420 kr.

Styrkveitingar til félagasamtaka í þróunarsamvinnu:

- Þóknanir fyrir matsnefndir: 648.946 kr.
- Launakostnaður starfsmanna: 5.809.091 kr. (50% starfshlutfall)
- Samtals greiðslur: 6.458.037 kr.

5. *Hver var kostnaðurinn við að starfrækja hvern sjóð í hlutfalli við þá fjármuni sem var úthlutað úr sjóðnum árið 2022?*

Samstarfssjóður við atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

- Kostnaður: 17.617.420 kr.
- Fjármunum úthlutað: 67.969.661 kr.
- Hlutfall: 26%

Styrkveitingar til félagasamtaka í þróunarsamvinnu:

- Kostnaður: 6.458.037 kr.
- Fjármunum úthlutað: 159.407.323 kr.
- Hlutfall: 4%

Alls fóru þrjár vinnustundir í að taka svarið saman.